



Ársskýrsla æskulýðsnefndar Spretts



Efnisyfirlit

INNIHALD

Samantekt.....	2
Dagskrá Æskulýðsnefndar 2018	3
Keila og pizzaveisla	4
Námskeiðahald	4
Polla- og barnanámskeið.....	5
Hestamennska	6
Knapamerki	7
Sirkusnámskeið.....	7
Keppnisnámskeið	7
Mót.....	8
Vetrarleikar	8
Blue Lagoon mótaröð.....	9
Gæðingakeppni/úrtaka fyrir landsmót.....	9
Æskulýðsmót.....	9
Landsmót hestamanna í Reykjavík	10
Íslandsmót í Reykjavík	12
Æskan og hesturinn	12
Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi).....	13
Páskabingó.....	14
Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur	14
Dagur íslenska hestsins 1. maí	15
Perlað með Krafti	16
Framundan haustið 2018	16
Lokaorð	17

SAMANTEKT

Æskulýðsnefnd Spretts hóf sjötta starfsár sitt á hópefli sem að þessu sinni var keiluferð í Egilshöll. Að vanda var lögð áhersla á að vera með viðburði sem henta mismunandi áhuga og öllum aldurshópum æskunnar. Bæði var hugað að þeim sem hafa áhuga á keppni og þeim sem ríða út sér til skemmtunar. Dagskrá vetrarins var metnaðarfull og var nóg um að vera allt árið um kring. Námskeiðin voru mjög fjölbreytt og vel sótt.

Æskulýðs- og fræðslunefnd Spretts skipuðu árið 2018:

Arnhildur Halldórsdóttir	Lilja Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir	Þórunn Hannesdóttir
Sigrún Valþórsdóttir	Erla Guðný Gylfadóttir
Linda Pálsdóttir	Auður Björgvinsdóttir
Nína Haraldsdóttir	

DAGSKRÁ ÆSKULÝÐSNEFNDAR 2018

jan. Knapamerki 1-5 fyrir 12 ára og eldri
jan. Hestamennska minna vanir
jan. Hestamennska meira vanir
jan. Keila og pizzaveisla
jan. Hestamennska fyrir alla
feb. Pollanámskeið og Krakkanámskeið (byrjendur)
feb. Sirkusnámskeið
feb. - mars Vetrarleikar
feb. – maí Blue lagoon mótaröð
feb.- apríl Námskeið í munstureið – æfingar fyrir Æskan og hesturinn
feb. Ungir Sprettarar
mars – júní. Undirbúningsnámskeið fyrir keppni
mars. Páskabingó
mars. Prauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)
apríl. Sýningin „Æskan og hesturinn“
maí. Dagur íslenska hestsins
maí. Æskulýðsmótið
júní – júlí. Keppnisnámskeið fyrir Landsmótsfara
júlí. Landsmót Hestamanna
sept. Perlað með Krafti
okt. - nóv Hestamennska -bóklegir tímar
nóv - des. Hestamennska - reiðtímar
des. Jólaball Spretts

KEILA OG PIZZAVEISLA

Í byrjun vetrar er orðinn fastur liður að gera eitthvað skemmtilegt til að hrista hópinn saman. Fyrsta verkefni æskulýðsnefndarinnar var keilufærð þar sem öllum var smalað saman í rútu þann 21.janúar og farið í Egilshöll. Mjög góð mæting var og skemmtilegt kvöld sem krakkarnir áttu saman. Flott tilpríf voru sýnd á keilubrautinni og boðið var upp á pizzu meðan spilað var.



NÁMSKEIÐAHALD

Mörg og fjölbreytt námskeið voru í boði fyrir æskuna í Spretti. Þeir reiðkennarar sem buðu upp á kennslu fyrir börn unglinga og ungmenni veturinn 2018 voru Þórdís Anna Gylfadóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Henna Sirén, Róbert Pedersen, Súsanna Sand, Jóhann Kr Ragnarsson, Daníel Jónsson, Rúna Einarsdóttir, Anton Páll Níelsson, Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, Ragnheiður Þorvaldsdóttir og Hekla Katharína Kristinsdóttir. Ætla má að flestir hafi fundið kennslu við sitt hæfi en námskeiðin sem boðið var upp á voru:

- Polla og barnanámskeið fyrir yngstu börnin 4-6 ára.
- Hestamennska fyrir börn á aldrinum 6-13 ára.
- Ungir Sprettarar.
- Undirbúningsnámskeið fyrir keppni.

- Sirkusnámskeið.
- Knapamerki 1-5 fyrir 12 ára og eldri.
- Keppnisnámskeið 10 ára og eldri.
- Unglinganámskeið - Ungir Sprettarar fyrir 12-18 ára.

Einnig voru paratímar sem foreldrar og börn gátu nýtt sér til að mæta saman í reiðtíma.

POLLA- OG BARNANÁMSKEIÐ

Polla- og barnanámskeið voru ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og aftur í mars. Þórdís Anna Gylfadóttir og Sigrún Sigurðardóttir sáu um kennsluna.

Þátttaka var mjög góð. Á þessum námskeiðum var lögð áhersla á algjör grunnatriði og fór kennslan að mestu fram í gegnum leiki. Börnin mættu í búningum í einn tíman og var það mjög skemmtilegt tilbreyting



HESTAMENNSKA

Hestamennsku námskeiðin hafa verið fastur liður hjá hestamannafélaginu Spretti undanfarin ár. Námskeiðin eru kennd að hausti og að vori. Reiðkennarar á námskeiðunum eru tveir, þær Sigrún Sigurðardóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir en ár kom Henna Siren og leysti Þórdísi Önnu af tímabundið. Á haustin er bóklegri og verklegri kennslu blandað saman. Fyrirlesarar koma í heimsókn og hópurinn fer í heimsóknir á hrossaræktarbú. Sköpunargleðin fær líka að njóta sín á hverju ári og þetta árið voru búnir til hestar úr skeifum.



Mikil ánægja er meðal barna og unglunga með námskeiði að hausti sem gefur þeim tækifæri til að stunda sína íþrótt allan ársins hring. Að vetri/vori er eingöngu kennt verklegt. misjafnt er á hvaða stigum er kennt hverju sinni og fer það eftir getu barnanna hverju sinni. Síðastliðinn vetur var



kennd Hestamennska II, V og VI. Mismunandi þema er kennt á hverju námskeiði fyrir sig. Síðastliðinn vetur var lögð áhersla á að kenna reiðleiðir, mismunandi ásetur, gangtegundir, hindrunarstökk og munsturreið. Börnin tóku þátt í sýningum þar sem m.a. var sýnt hindrunarstökk og munsturreið. Mikill og góður félagsskapur hefur myndast meðal barnanna á þessum árum.



KNAPAMERKI

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember og stóðu fram í miðjan desember. Í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni. Ragnheiður Þorvaldsdóttir sá um kennsluna.

SIRKUSNÁMSKEIÐ

Nokkur börn sóttu sirkusnámskeið sem ætlað var öllum félagsmönnum og Ragnheiður Þorvaldsdóttir kenndi eina helgi í janúar. Ánægja var með að fá tækifæri til þess að prófa þessa nálgun þar sem unnið var með hestinn í hendi á fjölbreyttan hátt.

KEPPNISNÁMSKEIÐ

Undirbúningsnámskeið fyrir keppni var haldið fyrir börn, unglinga og ungmenntu í Spretti og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppni. Lagt var upp með að mýkja og liðka hrossin fyrir komandi keppnistímabil, kennt var í fjögra manna hópum og skipt eftir aldri og getu.

Keppnisnámskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í báðum reiðhöllum Sprettara.

Þar sem fyrirkomulag þessara námskeiða í fyrra þótti takast mjög vel var ákveðið að hafa það eins í ár. Byrjað var með að kenna í tveggja til þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingstíma og fékk hver þátttakandi þá 20 mín einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Seinnipartinn í apríl færðist kennslan út á keppnisvöll og byrjað var að stilla upp prógammi fyrir hvern og einn keppanda og hest.

Þó að langtímamarkmið margra hafi verið úrtaka fyrir Landsmót fengu þeir nemendur sem vildu einnig stuðning frá Heklu Katharínu við að undirbúa sig fyrir önnur mót s.s. Blue lagoon mótaröðina, vetrarleika o.fl.

MÓT

Í Spretti er hópur áhugasamra og öflugra barna, unglinga og ungmenna sem sýna keppni mikinn áhuga. Fjöldmörg tækifæri gáfust til að reyna sig á keppnisbrautinni, bæði innan félags og utan.

VETRARLEIKAR

Haldnir voru þrennir vetrarleikar og var þátttaka æskunnar glæsileg. Verðlaunin voru ekki af verri endanum en fyrstu þrjú sætin fengu gjafabréf hjá Zo-On og allir pollar fengu húfur. Vetrarleikarnir eru mótaröð, talið er til stiga fyrir hvert mót og sameiginlegir meistarar verðlaunaðir í lokin. Pollarnir og börnin kepptu ávallt inn í Sprettshöllinni en unglingar og ungmenni úti á velli þegar veður og færð leyfðu. Ákveðið var að skipta barnaflokki og pollaflokki í tvennt, minna og meira keppnisvön börn, pollar teymdir og pollar sem ríða sjálfir. Allir þeir pollar sem tóku þátt hlutu þátttökuverðlaun, þ.e. ekki var raðað í sæti.



BLUE LAGOON MÓTARÖÐ



Sprettur bauð upp á opna mótaröð annað árið í röð fyrir polla, börn, unglinga og ungmenni í vetur, boðið var upp á keppnisgreinarnar tölt, fjórgang og fimmgang.

Öllum börnum og ungmennum á landinu stóð til boða að taka þátt og var boðið upp á mismunandi styrkleikaflokka þar sem flestir fundu keppnisgrein við sitt hæfi. Pollarnir fengu að sjálfsögðu að taka þátt í tölti og þrígangi. Dómararnir gáfu þeim jákvæðar umsagnir og allir fengu þátttökuverðalun. Gott veganesti og æfing fyrir þau börn sem

vilja taka þátt í keppni á komandi árum. Blue Lagoon mótaröðin var einstaklingkeppni og söfnuðu knapar stigum og sá sem var með flest stig í sínum flokki vann mótaröðina en einnig var verðlaunað í sæti eftir hvert mót og glæsileg verðlaun voru í boði.

GÆÐINGAKEPPNI/ÚRTAKA FYRIR LANDSMÓT

Sprettur hélt tvöfalda úrtökur fyrir Landsmót, fyrri úrtakan var haldin fyrstu helgina í júní og seinni úrtakan rúmri viku seinna eða 11.-12.júní. Þátttaka var góð og margir ungir knapar skráðu sig til leiks með einn eða fleiri hesta. Hekla Khatarína reiðkennari fylgdi ungu knöpunum sem sótt höfðu undirbúnings námskeið hjá henni vel eftir.


ÆSKULÝÐSMÓT

25. maí var Æskulýðsmót Sprettis haldið. Mótið er gæðingamót og hugsað sem æfing fyrir úrtöku á Landsmót eða bara til að æfa sig og hafa gaman. Mótið var opið öllum ungum Spretturum en haldið í samráði við reiðkennara keppnisnámskeiðs sem börnum, unglingum og ungmennum í félaginu stóð til boða að sækja. Á þessu móti var eingöngu riðin forkeppni og fengu þátttakendur einkunn og umsögn frá dómara fyrir hvern þátt sem þau sýndu í keppninni. Þátttakan á Æskulýðsmótinu var mjög góð enda margir sem stefndu á úrtöku fyrir Landsmót 2018. Mótið var haldið á keppnisvellinum og að keppni lokinni hitti dómarinn Sindri Sigurðsson knapana og gaf góð ráð. Knöpum og aðstandendum þeirra var boðið upp á pizzur og drykki á meðan á fundi stóð.

LANDSMÓT HESTAMANNA Í REYKJAVÍK

Sprettur átti rétt á að senda 14 knapa í hvern flokk á Landsmótið í ár. Barnaflokkurinn taldi flesta keppendur í forkeppni af yngri flokkunum að þessu sinni og margir þeirra voru að stíga sín fyrstu skref í keppni. Fjölbreytt framboð námskeiða og ekki síst Hestamennsku námskeiðin hafa skilað okkur áhugasömum, duglegum og flottum knöpum sem hafa stundað námskeiðið síðastliðin ár og voru mörg þeirra aðeins 6 ára þegar þau byrjuðu.

Landsmótsförun var fylgt vel úr hlaði frá Spretti. Allir keppendur á Landsmóti fengu veglegar gjafir frá styrktaraðilium. Keppendur fengu hestaábreiður, múla, snyrtitösku fyrir hrossin, boli og jakka ásamt ýmsu fleiru gagnleg fyrir keppendur og hesta. Heildarverðmæti styrkjanna var tæpar 3 milljónir kr. þar af styrkti Equisana á Íslandi Sprett um 1,5 milljón.



Árangur Sprettara á Landsmótinu var frábær. Við erum mjög stolt af öllum sem kepptu fyrir Sprett á Landsmótinu og gaman er að segja frá því að við áttum fulltrúa í öllum A-úrslitum yngri flokka.

Í Barnaflokki átti Sprettur eitt barni B-úrslitum og tvö börn í A-úrslitum og þar af var sigurvegari Barnaflokks Guðný Dís Jónsdóttir

Í unglingaflokki stóðu Sprettarar sig vel og var einn fulltrúi Sprettis í B-úrslitum og einn í A-úrslitum

Í Ungmennaflokki stóðu Sprettarar sig frábærlega. 4 ungmenni komust í A-úrslit af 8 sem ríða úrslit og þar af átti Sprettur sigurvegara ungmennaflokks Bríet Guðmundsdóttir.

Hekla Katharína Kristinsdóttir sá um kennsluna á keppnisnámskeiði Sprettis 2018 fylgdi hún keppendum vel eftir fyrir og á Landsmóti.



ÍSLANDSMÓT Í REYKJAVÍK

Tæpum tveimur vikum eftir Landsmót var komið að Íslandsmóti og héldum við Sprettarar það að þessu sinni. Ákveðið var að nýta snyrtilegt og vel skipulagt félagssvæði Fáks og var Íslandsmót yngri- og eldri flokka haldið á sama tíma. Sprettarar áttu marga keppendur í yngri flokkum á Íslandsmóti og tvö þeirra urður Íslandsmeistarar. Guðný Dís Jónsdóttir og Roði voru Íslandsmeistarar í tölti barna og Kristófer Darri Sigurðsson og Vorboði Íslandsmeistarar í fimmgangi unglinga. Við erum mjög stolt af öllum okkar knöpum sem tóku þátt og gaman var að fylgjast með þeim yngstu stíga sín fyrstu skref í keppni.



ÆSKAN OG HESTURINN

Æfingar fyrir Æskan og hesturinn hófust í mars en grunnur að atriðinu var lagður strax í byrjun vetrar á Hestamennsku námskeiðinu. Mikill metnaður var lagður í atriðin og sáu Sigrúnu Sigurðardóttur og Henna Siren reiðkennarar um útfærslu og æfingar. Atriðin frá Spretti voru tvo að þessu sinni og voru mjög vel heppnuð og mikið var lagt í búninga sérstaklega hjá yngri hópnum sem bjó til uglur úr pappa og plastpokum. Atriðin voru líka notuð á Dymbilvikusýningu Sprettis um páskana og á Degi íslenska hestsins 1.maí.





ÞRAUTA- OG LEIKJADAGUR (FÖSTUDAGURINN LANGI)

Vel heppnaður Þrauta- og leikjadagur Sprettis fór fram föstudaginn langa. Frábær mæting var hjá ungum knöpum í alls konar grímubúningum en alls voru 76 börn skráð til leiks og gaman er að segja frá því að nokkur börn sem stunda ekki hestamennsku mættu með frænda eða frænku og fengu þau líka að taka þátt. Mikil keppni var um besta tímann í brautinni og stóðu knapar og hestar sig með miklum sóma og voru yngstu keppendurnir aðeins 2 ára. Eftir þrautabrautina var grillað og öll börn leyst út með páskaeggjum í tilefni af páskahátíðinni. Þessi dagur er alltaf jafn vel heppnaður og skemmtileg hefð hefur skapast í kringum hann.



PÁSKABINGÓ

Nokkrum dögum fyrir páska hélt Æskulýðsnefndin páskabingó fjórða árið í röð. Vinningar voru ekki af verri endanum og mörg fyrirtæki styrktu okkur og erum við þeim afar þakklát. Páskaegg í öllum stærðum og gerðum voru líka í vinning. Páskabingóið sló enn eitt aðsóknarmetið og fylltist veislusalur Sprettis sem tekur á bilinu 150-200 manns í sæti. Æskulýðsnefndin seldi pizzur og drykki á staðnum og gaman var að sjá eftirvæntinguna í andlitum barnanna sem biðu eftir því að geta sagt BINGÓ. Mjög vel heppnaður viðburður sem allir bíða eftir á næsta ári.

HESTADAGAR, HÓPREIÐ HESTAMANNA UM MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Æskan var duglega að fjölmenna í hópreið hestmanna um miðbæ Reykjavíkur og þótti frábær fyrirmynd fyrir hönd Hestamannafélagsins Sprettis.



DAGUR ÍSLENSKA HESTSINS 1. MAÍ



Sprettur hélt daginn hátíðlegan og bauð upp á dagskrá fyrir unga sem aldna og grillaðara pylsur í reiðhöll Sprettis. Glæsileg atriði ungra Sprettara úr Æskan og Hesturinn var endursýnt ásamt fleiri aðtriðum. Boðið var upp á að teyma undir börnum.



PERLAÐ MED KRAFTI



Alltaf er ánægjulegt af láta gott af sér leiða og það gerðum við. Þann 8.sept boðuðum við til viðburðar í veislusal Spretts og tilefnið var að perla armböndin "LÍFIÐ ER NÚNA" til styrktar Krafti. Kraftur er styrktarfélag fyrir ungt fólk með krabbamein.

Mætingin var góð og náðum við að perla um 650 armbönd sem gera 1.300.000 kr. Margir sátu lengi voru ansi flínkir að perla og náðu að gera mörg armbönd.

Við ætlum svo sannarlega að gera þetta aftur í vetur og slá eigið met og perla ennþá fleiri armbönd.

FRAMUNDAN HAUSTIÐ 2018

Hin skemmtilegu Hestamennsku námskeið munu halda áfram haustið 2018. Námskeiðin hefjast í október á bóklegum tímum. Bóklegri kennslu lýkur með rútufurð laugardaginn 17.nóvember. Verklegr kennsla hefst í framhaldinu. Verða tveir mismunandi aldurshópar. 6-9 ára og 10-14 ára.

Þema námskeiðsins hjá eldri hóp er; gangtegundir, fræðsla og fyrirlestrar frá dómurum og keppnisgreinar. Námskeiðinu lýkur með því að nemendur skipuleggja, undirbúa, halda mót og Keppa. Reiðkennarar verða Sigrún Sigurðardóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Milli jóla og nýrárs heldur Sprettur árlegt jólaball þar sem fjölskyldur koma saman og dansa í kringum jólatréð og fá sér piparkökur, safa og kaffi. Sveinki lætur alltaf sjá sig með eitthvað gott í pokaum og tekur lagið og nokkra dansa í kringum tréð með börnunum.

LOKAORÐ

Við í æskulýðs- og fræðslunefnd Spretts erum mjög ánægð með síðasta starfsár og erum virkilega spennt á takast á við ný og spennandi verkefni á árinu 2019

Nú þegar er hafin mikil vinna bæði í námskeiðahaldi sem og almennu félagsstarfi til að tryggja að árið 2019 verði jafn öflugt og skemmtilegt og 2018.



Sprettur þakkar Equusana fyrir ómetanlegan stuðning við æskulýðsmál á árinu.





